

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið
Guðrún Edda Bentsdóttir
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Kópavogi, 31. janúar 2020

Tilvísun: 2019-5994

Efni: Staðfesting þjónustusamnings Suðurhlíðarskóla.

Vísað er til umsóknar Reykjavíkurborgar, dagsett 18. júlí 2019 þar sem sótt er um staðfestingu á þjónustusamningi við Suðurhlíðarskóla.

Samkvæmt 43. grein laga nr. 91/2008 um grunnskóla skal ráðuneyti staðfesta þjónustusamning þegar fyrir liggur að öllum lögbundnum skilyrðum er fullnægt. Menntamálastofnun annast staðfestingu þjónustusamnings fyrir hönd ráðherra.

Ákvæði grunnskólalaga um innra og ytra mat og upplýsingaskyldu sveitarfélaga taka til grunnskóla sem eru með staðfestan þjónustusamning samkvæmt reglugerð um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018, með sama hætti og til opinberra grunnskóla.

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs í sjálfstætt reknum grunnskólum samkvæmt lögum um grunnskóla og hlíta þeir skólar sama eftirliti og grunnskólar sem reknir eru af sveitarfélagi. Grunnskólar sem hlotið hafa staðfestingu hlíta einnig sama mati og eftirliti af hálfu ráðuneytis og Menntamálastofnunar og grunnskólar sem reknir eru af sveitarfélögum.

Komi í ljós eða liggi fyrir rökstuddur grunur um að starfsemi grunnskóla, sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar, sé ekki í samræmi við gildandi lög og reglugerðir sem um starfsemina gilda, eða undanþágur sem veittar hafa verið, hvílir skylda á sveitarfélagi sem gert hefur þjónustusamning við rekstraraðila að rannsaka slíkar ábendingar og eftir atvikum tilkynna til Menntamálastofnunar.

Ef athugun sveitarfélags eða eftir atvikum Menntamálastofnunar leiðir í ljós að verulegir annmarkar eru á starfsemi sjálfstætt rekins grunnskóla skal rekstraraðila gefinn kostur á að bæta úr annmörkum innan tilgreindra tímamarka. Hafi ekki verið bætt úr þeim annmörkum innan veitts tímafrests skal sveitarfélag tilkynna um slíkt til Menntamálastofnunar. Reynist verulegir annmarkar vera enn til staðar hefur Menntamálastofnun heimild til að afturkalla staðfestingu á þjónustusamningi viðkomandi grunnskóla.

Menntamálastofnun hefur metið umsóknina, þjónustusamninginn og önnur framlögð gögn um starfsemi Suðurhlíðarskóla. Gögnin voru borin saman við lög um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerð um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018. Meðal atriða sem metin voru sérstaklega eru

skólanámskrá, starfsáætlun, skipulagsskrá, samþykktir um skólann og gögn um húsnæði skólans og starfsaðstæður sbr. reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða.

Á grundvelli þess er að framan greinir staðfestir Menntamálastofnun hér með þjónustusamning Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 við Suðurhlíðarskóla kt. 440169-3259. Staðfestingin er veitt með vísan í þjónustusamning þessara aðila, undirritaður þann 13. maí 2019, sem og önnur gögn er fylgdu umsókn Reykjavíkurborgar um staðfestingu.



Arnór Guðmundsson, forstjóri

Afrit:
Suðurhlíðarskóli